



### Varðar: Austurheiðar, útivistarsvæði 2022, áfangi 2 – framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 16. desember 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir Austurheiðar, útivistarsvæði 2022, áfanga 2. Einnig eru lögð fram útboðsgögn og teikningasett dags. september 2022, sem inniheldur m.a. grunnmyndir, yfirlitsmyndir, snið.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.

### Skipulagsleg staða

#### Aðalskipulag

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4, gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er að ræða m.a. lagningu stígakerfis.

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er Rauðavatn á skilgreindu opnu svæði til sérstakra nota (OP17).

Um opin svæði segir í aðalskipulagi: „Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem er veitt á forsendum útivistar.“

Í kafla aðalskipulagsins, Náttúra, landslag og útivist í skjalinu B2. Græna borgin segir: „Í samræmi við stefnuna um sjálfbæra þróun er litið á opin svæði í borgarumhverfinu sem auðlind sem nauðsynlegt er að hlúa að. Gott aðgengi að fjölbreyttum útivistar- og náttúrusvæðum eru lífsgæði, og útivistarsvæði þjóna margvíslegum og ólíkum þörfum fólks til útiveru og afþreyingar. Reykjavík býr yfir fjölbreyttri flóru útivistarsvæða sem vefja sig inn í byggðina og umhverfis hana, og setja mark sitt á yfirbragð borgarinnar.“






Ekki er í gildi **deiliskipulag** fyrir svæðið.

### Hverfisvernd

Hluti framkvæmdasvæðisins er hverfisverndaður. Um skilmála hverfisverndar (HV) segir í aðalskipulagi að um er að ræða svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum (gr. 6.3.i. í skipulagsreglugerð). Skilgreining er varðar Rauðavatn er *HV14 Rauðavatn* og fellur undir nánasta umhverfi, gróðurfar og fuglalíf.

### Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Í ákvæðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um verndarsvæði segir í markmiðskafla að verndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu verða styrkt og gerð aðgengilegri. "Fylgja þarf verndun svæða eftir með miðlun upplýsinga til almennings um tilgang með friðun, umgengisreglum og aðgerðum til bættis aðgengis og að stýra umferð um viðkvæm svæði í ákveðna farvegi."



Framkvæmdasvæði.





### Umsögn/Niðurstaða

Samþykkt er að veita framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd í samræmi við meðfylgjandi gögn. Framkvæmdin samræmist gildandi skipulagsáætlunum fyrir opin svæði, m.t.t. til aðalskipulags Reykjavíkur. Jafnframt samræmist framkvæmdin ákvæðum hverfisverndar bæði m.t.t. til aðalskipulags Reykjavíkur og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins þar sem leitast er við að auka og bæta aðgengi almennings að og um verndarsvæði.

Leyfið er gefið út til 1 árs frá útgefnum degi, en verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. framkvæmdir tefjast að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Virða skal allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt.

Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki. Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

### F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.

